

## Slæðusviptingar: Raddir íranskra kvenna

**Bókarhöfundur:** Halla Gunnarsdóttir

**Bókarheiti:** Slæðusviptingar: Raddir íranskra kvenna

**Gagnrýnandi:** Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt við stjórn málafræðideild HÍ

**Útgáfa:** Salka, Reykjavík 2008, 152 bls.

**Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:** *"Slæðusviptingar er stutt bók og læsileg, en varpar þó góðu ljósi á þann fjölbreytilega veruleika sem íranskar konur búa við. Í henni eru ótal dæmi um stöðu kvenna sem má bera saman við stöðu þeirra á Íslandi, eins og réttinn til fóstureyðinga, refsingu fyrir kynferðisbrot, stöðu kvenna á vinnumarkaði og í menntakerfinu. Hún vekur lesandann til umhugsunar um hversu margt kynjað er í samfélaginu sem við teljum vera sjálfsagt, en ekki er vanþörf á að skoða gagnrýnum augum."*

## FJÖLBREYTTUR VERULEIKI ÍRANSKRA KVENNA

Bók Höllu Gunnarsdóttur, Slæðusviptingar: Raddir íranskra kvenna, er lifandi og skemmtileg frásögn af ferð höfundar til Írans og viðtölum sem hún tók við þrettán konur þar í landi um hagi þeirra og hugðarefni. Halla byggir bókina á MA-ritgerð sinni í alþjóðasamskiptum, sem hún lauk sumarið 2008, en í raun er hér um tvö mjög ólík verk að ræða. Í MA-ritgerðinni eru viðtölin uppistaða í rannsókn um hið kynjaða samfélagskerfi sem íranskar konur búa við. Ritgerðin byggir á femínískum kenningum og greinir viðtölin út frá þeim. Bókin hefur einnig kynjað sjónarmið en er þó mun léttari aflestrar og inn í hana er fléttað ferðasögum nokkurra annarra Íslendinga sem hafa farið til Írans. Íranskar konur eru í aðalhlutverki í textanum – höfundur og nokkrir aðrir ferðamenn benda á hversu ólíkt það samfélag er sem karlar og konur kynnast þegar þau ferðast um landið. Í liprum og aðgengilegum texta varpar Halla svo fram sýn þessara þrettán kvenna á þetta stóra land.

Eitt það atriði við íslam sem við þekkjum flest úr fjölmiðlum er hulin ásýnd kvenna. Halla bendir á, í samræmi við útskýringar stjórn málafræðinga, að í Íran hafi klerkarnir viljað umbreyta samfélaginu og hafi breytt stöðu kvenna í þeim tilgangi. Eftir byltingu varð eitt fyrsta baráttumálið „að gera ásýnd samfélagsins ‚íslamska‘. Keisararnir höfðu lagt áherslu á að klæða konur úr en í þetta skiptið átti að klæða þær í til að berjast gegn vestrænni siðspillingu“ (bls. 81). Íranskar konur búa í raun við gífurlega mismunandi aðstæður eftir því hvort þær eru trúaðar eða ekki. Mörgum viðmælenda Höllu þótti krafa ríkisins um klæðaburð þeirra „takmarka athafnafrelsi sitt á meðan öðrum þótti hann alger forsenda eigin frelsis“ (bls. 87). Halla bendir á lausn sem okkur þykir kannski einföld hérna heima á Íslandi, að klæðaburður fólks sé ekki ákveðinn með lögum, en bendir jafnframt á að alls sé óvíst að það myndi njóta stuðnings meðal almennings.

Halla varpar ljósi á það hvernig trúaðar konur voru í raun fangar á eigin heimilum fyrir byltinguna 1979, en einnig að það sama megi segja um afhelgunarsinnaðar konur í dag, þ.e. konur sem ekki aðhyllast íslamska trú og hafna því að hylja hár sitt á almannafæri. Þær voru í ráðandi stöðu í samfélaginu í valdatíð keisarans en er nú hafnað af ráðandi öflum. Margar eru bitrar og telja byltinguna hafa eyðilagt líf sitt og möguleika til að giftast af ást eða ná árangri í atvinnulífínu. Þessu fylgir þó ekki að konur taki ekki þátt í samfélaginu. Meirihluti námsmanna í háskólum eru konur, en menntun er leið þeirra til að brjótast undan stjórn fjölskyldunnar þó ekki sé nema í skemmri tíma. Hjónabandið og fjölskyldan er þungamiðja samfélagsins, allt gengur út á að komast í hjónaband. „Möguleikar karla á hjónabandsmarkaðnum haldast í hendur við fjárhagslega stöðu þeirra og menntun skiptir ekki sköpum þar sem takmörkuð þörf er fyrir háskólamenntað fólk á vinnumarkaðnum“ segir Halla (bls. 90), og bendir á að auðvelt sé að sjá fyrir sér ýmis samfélagsleg vandamál sem gætu sprottið af því að í framtíðinni verði konur meirihluti háskólamenntaðra Írana.

Sú mynd sem Vesturlandabúar hafa af íslam er oft ansi einsleit og tekur ekki tillit til þeirrar fjölbreytni sem ríkir, bæði milli landa og milli ólíkra stefna. Eitt af því sem fáir þekkja til er að í sjáisma er leyfilegt að ganga í tímabundin hjónabönd, en hjónabandið er eins og flestir aðrir gjörningar í íslam, samningur milli viðkomandi aðila. Hægt er að nota þau til að kaupa kynlíf – enda telja margar konurnar sem Halla ræðir við að þetta sé einungis skálkaskjól fyrir vændi – en þá gilda þau gjarnan í einhverjar klukkustundir, en hún segist einnig hafa dæmi um að fólk af gagnstæðu kyni noti þetta fyrirkomulag til að geta talað óhindrað saman. Skilnaðir eru einnig leyfðir og virðast jafnvel algengir í Íran. Tvær kvennanna sem hún talaði við hafa hins vegar „valið að vera giftar mönnum sem þeim líkar ekki við fremur en að berjast við kerfið og um leið samfélagsleg viðhorf“ (bls. 118). Önnur fór að vinna fyrir

eigin tekjum og sagðist ekki kæra sig um forsjá barnanna ef til skilnaðar kæmi. Þá hætti maður hennar að beita hana ofbeldi, enda hafði valdastaðan í sambandinu breyst verulega.

Slæðusviptingar er stutt bók og læsileg, en varpar þó góðu ljósi á þann fjölbreytilega veruleika sem írnskar konur búa við. Í henni eru ótal dæmi um stöðu kvenna sem má bera saman við stöðu þeirra á Íslandi, eins og réttinn til fóstureyðinga, refsingu fyrir kynferðisbrot, stöðu kvenna á vinnumarkaði og í menntakerfinu. Hún vekur lesandann til umhugsunar um hversu margt kynjað er í samfélaginu sem við teljum vera sjálfsagt, en ekki er vanþörf á að skoða gagnrýnum augum.